

Vikuleg samantekt á lyfjaskorti

» Upplýsingarnar gilda um lyfjaskort sem hefur verið tilkynntur Lyfjastofnun


Vika 27, 2025



Lyf í skorti í dag - áhrif á lyfjanotendur

Tilkynnt hefur verið um skort á 260 lyfjapakkningum:

- Í 97% tilvika munu lyfjanotendur fá sambærilega lyfjameðferð. Áhrif skorts eru því óveruleg á lyfjameðferðina.
- 5 mismunandi lyfjapakkningar eru í skorti þar sem læknir þarf að breyta lyfjameðferð í aðra álíka lyfjameðferð.
- 1 lyfjapakkning er í skorti þar sem ekkert sambærilegt lyf eða álíka lyfjameðferð er fáanleg.



- » Upplýsingar og ráðleggingar eru birtar fyrir hvert lyf í skorti í sérlyfjaskrá og í vefþjónustu fyrir ávísanakerfi lækna.
- » Lyfjastofnun birtir lista yfir allan tilkynntan lyfjaskort á yefsíðu stofnunarinnar.

Nánar um skort sem leiðir til þess að læknir þarf að breyta lyfjameðferð í aðra álíka meðferð - hvað kemur í staðinn?


Heiti lyfs	ATC-flokkur	Upphafsdags. skorts	Áætluð lokadags. skorts	Ábendingar	Ráðleggingar / annað
Cetrotide 0,25 mg stungulyfsstofn, lausn	H01CC02	14.5.2025	22.9.2025	Kemur í veg fyrir ótímaþært egglos hjá konum í sem eru í ófrjósemismeðferð	<ul style="list-style-type: none">Önnur úrræði eru á markaði, til dæmis lyfið Ganirelix Gedeon Richter (H01CC01).
Pegasys 135 mcg/05ml stungulyf lausn	L03AB11	27.2.2025	18.7.2025	Langvinn lifrabólga B og C	<ul style="list-style-type: none">Það styttrist í að skorti á Pegasys ljúki. Önnur úrræði eru á markaði fyrir sjúklingahópinn, til dæmis Besremi (L03AB15) sem kom á markað 1. mars 2025.
Lomudal 20 mg/ml augndropar, lausn	S01GX01	1.8.2023	óvist	Ofnæmisbólger í augnslímhúð, árstíðabundnar og stöðugar	<ul style="list-style-type: none">Lomudal augndropar hafa verið ófáanlegir lengi.Aðrir ofnæmisaugndropar eru fáanlegir.
Oculac án rotvarnar 5 % augndropar	S01XA20	15.5.2025	1.9.2025	Til meðferðar við einkennum augnþurrks	<ul style="list-style-type: none">Oculac er lausasölulyf, þ.e. fæst án lyfseðils.Ýmis önnur markaðsett lyf og lækningatæki eru á markaði við augnþurki en flest eru með rotvörn ólíkt Oculac sem er ekki með rotvörn.
Xerodent 28.6/0.25 mg munnsogstafla	A01AA03	2.2.2025	16.7.2025	Meðhöndlun einkenna vegna munnþurrks og fyrirbyggjandi við tannskemmdum	<ul style="list-style-type: none">Xerodent er lausasölulyf, þ.e. fæst án lyfseðils.Ýmis önnur markaðsett lyf við munnþurki eru fáanleg.

Ekkert sambærilegt lyf fáanlegt hverjar eru aðgerðirnar?

Heiti lyfs	ATC-flokkur	Upphafsdags. skorts	Áætluð lokadags. skorts	Ábendingar	Ráðleggingar / annað
Piperacillin/Tazobactam WH 4 g/0,5 g innrennslisstofn, lausn	J01CR05	25.6.2025	17.7.2025	Penicillin blanda er ætluð til meðferðar við m.a. lungnabólgu og flóknum þvagfærasýkingum, sýkingu í kviðarholi, í húð og mjúkvef.	<ul style="list-style-type: none">Gert ráð fyrir að skortur vari í stuttan tíma, lyfið er til á Landspítala.Markaðsleyfishafi er að útvega lyfið aftur með hraði.

Fjöldi lyfjaskortstilfella þar sem hugsanlega þarf að breyta lyfjameðferð - 2025

● Ekkert sambærilegt lyf er á markaði ● Ekki til lyf með sama ATC númer en sambærilegt lyf í sama flokki er fáanlegt



Grafið sýnir þann mánuð sem tilkynning barst Lyfjastofnun, óháð því hvenær skortur hefst.

Janúar-júní 2025, meðalfjöldi tilkynninga á mánuði:

- 4,5 = Ekkert sambærilegt eða álíka lyf fáanlegt
- 5 = Álíka lyfjameðferð fáanleg


Samanburður við fyrra ár 2024, meðalfjöldi tilkynninga á mánuði:

- 5 = Ekkert sambærilegt eða álíka lyf fáanlegt
- 8 = Álíka lyfjameðferð fáanleg

Þörf á aðgerðum af hálfu lækna vegna lyfjaskorts

Staðan í dag


Áhættuflokkur - í ávísunarkerfi lækna



Þróun 2025

Áhættustig í ávísunarkerfi lækna - þróun 2025

Áhættustig ● Hátt ● Lágt ● Miðlungs



Janúar-júní 2025:

- 36% alvarleikastig hátt
- Í 68% tilvika gat læknir ávísað lyfi í skorti

Allt árið 2024:

- 35% alvarleikastig hátt
- Í 58% tilvika gat læknir ávísað lyfi í skorti

Litakóðun birtist í ávísanakerfi (Sögu) ásamt ráðleggingum:

Lágt **Læknir getur ávísað markaðssetta lyfinu þrátt fyrir skort** því hægt er að breyta lyfjaávisun í apóteki og lyfjameðferð helst óbreytt.
Dæmi: Önnur pakningastærð, samheitalyf, annar styrkleiki, útskipti í undanþágulyf eftir heimild Lyfjastofnunar

Miðlungs **Mat læknis** hvort hægt sé að ávísa markaðssetta lyfinu í skorti eða hvort ávísa þurfi öðru lyfi (val á milli lágt eða hátt).

Hátt **Krefst ávallt aðgerða af hálfu læknis** með því að ávísa öðru lyfi.

Heimild lyfjafræðinga til að breyta ávísun læknis í undanþágulyf


- » Lyfjastofnun getur **heimilað lyfjafræðingum í apótekum að breyta ávísun læknis úr markaðssettu lyfi í undanþágulyf skv.** 52. gr. lyfjalaga 100/2020.
 - › Úrræðið er einungis notað í sérstökum tilvikum að undangengnu öryggismati og þegar ljóst þykir að án aðgerða kæmi upp íþyngjandi staða fyrir lyfjanotendur og heilbrigðisstarfsfólk.

21

- **Heimild í gildi í dag þar sem lyfjafræðingar í apótekum geta breytt lyfjaávísun læknis**
- **Það sem af er ári hafa verið veittar 162 heimildir fyrir 42 lyf,** að baki þeim er fjöldi lyfjaávísana. Frekari upplýsingar má sjá á [vef Lyfjastofnunar](#),

Fyrirvari lyfjaskortstilkynninga fyrir lyfjaskort sem er til staðar í dag

- 30% tilkynninga barst Lyfjastofnun þegar skortur var hafinn, samanborið við 43% árið 2024
- 10% tilkynninga bárust með 1-7 daga fyrirvara, samanborið við 14% árið 2024



Fyrirvari er mikilvægur svo nægur tími sé fyrir lyfjafyrirtæki að útvega sambærilegt markaðssett lyf eða undanþágulyf. Þannig er hægt að koma í veg fyrir hugsanleg vandræði lyfjanotenda og aukna vinnu fyrir heilbrigðisstarfsfólk.

Lágmarksbirgðir – Öll hin Norðurlöndin hafa innleitt löggjöf varðandi skyldur um að halda lyfjalager nauðsynlegra lyfja í landinu og slíkt er nauðsynlegt hérlendis.